

Fundur í landssambandsstjórn DKG á Skype þriðjudaginn 28. mars 2017 kl. 18

Mættar voru:

Eygló Björnsdóttir, Guðbjörg Sveinsdóttir, Inga María Ingvarsdóttir, Kristín Jónsdóttir og Jónína Eiríksdóttir. Sigríður Johnsen var erlendis

Fundarefni:

Landssambandsþingið

Skráningu á þingið lýkur 3. apríl og þá er líklegast komin vísbending um það, hve margar koma. Síðan má framlengja fresti og það ætti ekki að breyta svo miklu.

Allt er í góðum málum vegna þingsins. Dagskráin tilbúin og allt utanumhald klárt, sem ekki gerist á síðustu stundu.

Við þurfum að spá í viðurkenninguna. Hún fer fram á þinginu. Rætt var um hverjar hafi fengið og hvers konar viðurkenning þetta sé.

Þuríður Kristjáns, Guðrún Helgadóttir rithöfundur, Guðrún P. Helgadóttir skólastýra, Jenna Jónsdóttir (við vitum nú ekki alveg hver þar er á ferð), Sigríður Valgeirsd., Pálína Jóns., Jenna Jensd. og Rannveig Löve.

Viðurkenninguna fá þær fyrir vel unnin störf innan samtakanna.

Lýst hefur verið eftir uppástungum frá deildum og þrjár hafa verið tilnefndar.

Viðurkenningin fælist í hálsmeni, sem Guðbjörg sér um að útvega. Þær fá svo líka skjal og rós.

Veitum viðurkenninguna á laugardagskvöldinu. Athuga hvort þær verða ekki örugglega á þinginu.

Námsstyrkjasjóður

Tvær umsóknir hafa borist í sjóðinn. Í honum eru nú um 600 þús. krónur.

Samþykkt var að veita hvorum umsækjanda fyrir sig kr. 100 þús. krónur.

Nokkur umræða varð um það, hvort leyfilegt væri að veita fleiri en einni styrk og niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að túlka lögina þannig að það mætti ekki.

Uppstilling stjórnar frá uppstillingarnefnd

Komnar tilnefningar til næstu stjórnar.

Jóna Benediktsdóttir á Ísafirði verður samkvæmt þeim næsti forseti.

Evrópuþing 2019 og umgjörð þess hér á landi

Inga María hefur leitað tilboða til hótela í Reykjavík. Einhver eiga enn eftir að svara en ljóst er að Reykjavík er mjög dýr og fyrirsjáanlega alltof dýr fyrir okkar konur.

Við verðum að skoða hvað þinghaldið gæti kostað utan Reykjavíkur. Til dæmis í Keflavík, Selfossi, Akureyri.

Gistingin á Íslandi hefur rokið uppúr öllu valdi

Eygló lýsti mörgum möguleikum á Akureyri og ef við getum haldið sjálft þingið í skólum kviknar von um að þetta verði hægt.

Við munum afhenda málið næstu stjórn, útbúa valmöguleika með kostnaði tilgreindum, sem hún getur metið og lagt svo fyrir sendinefnd frá alþjóðasamtökunum sem kemur og tekur málið út næsta haust.

Inga María kannar möguleika í Keflavík og fær tilboð frá einhverjum sem eftir voru í Reykjavík. Skoðar ef til vill Selfoss líka. Eygló kannar á Akureyri, hvort þetta sé möguleiki og verðhugmyndir þar.

Nýja deildin Nu

Hún verður stofnuð á Blönduósi – 2. apríl kl. 14. 18 konur komnar.

Guðbjörg Sveinsd. fer á Blönduós, Ingibjörg Jónasdóttir með henni og geta tekið fleiri með.

Önnur mál

Kristín sagði frá því að hún væri nú að leita eftir yngri konum í samtökunum til að svara spurningunni, af hverju þær hafa gengið í DKG og hvað samtökin geri fyrir þær. Svör þeirra munu svo rúlla á Evrópuþinginu í Tallin í sumar. Í ljós hefur komið að fáar ungar konur eru í samtökunum og að 45 ára telst ungt innan þeirra.

Störfin á þinginu í vor: Við þurfum að hjálpast að við aðalfundastörfin á sunnudeginum. Eygló lætur okkur vita og við gerum okkar besta. Tölvupóstar verða notaðir til að skiptast á skoðunum og minna hverja aðra á verkefni fyrir þingið í vor. Kannski getum við hist á Skype fyrir stóru stundina í vor.

Fundi slitið kl. 19:14

Skráð af Jónínu Eiríksd. ritara